

# Aðalfundur foreldrafélagsins 18. september 2025

**Íris setur fundinn kl. 17:00**

Bjarnheiður settur fundarstjóri sem fundur samþykkir.

Ávarp fráfarandi formanns  
Formaður forfallaðist

## 1. Skýrsla stjórnar sl. skólaár

Formaður sá sér ekki fært að koma á fund svo Íris gjaldkeri fer yfir skýrsluna Síðasti fundur sept 24 - telur upp stjórn.  
Endurskinsvesti afhent 1. árgangi í byrjun skólaárs.  
Bókasafnið fengið styrk á hverju ári til að kaupa nýjar bækur.  
Fyrir skólann voru keypt leikföng, spil og tækjabúnaður.  
Beiðni um að fá Villa Naglbít frá skóli á vísindaviku sem var styrkt.  
Samborg með fund í nóv. og fór formaður á hann og reynt að efla samstarf skóla.  
Stjórn fundaði með skólastjóra ásamt bæjarstjóra í lok ágúst '25. Farið yfir mál skólalóðar og fleiri mál.

## 2. Gjaldkeri leggur fram ársreikning

Félagsgjöld ársins 650 þús - 89% foreldra sem greiða til foreldrafélagsins.  
Styrkir á árgang 15000 á ári. 2 árgangar óskuðu eftir styrk.  
Bókasafn um 140.000 kr.  
Í lok rekstrarárs 936.285 kr. Á þrjá reikninga - með söfnunar- tengla- og félagsgjaldreikning.  
Mætti ræða að breyta gjöldunum - verður rætt undir önnur mál.  
Fyrirspurn um hvað var greitt fyrir skólann sem var nefnt í lið 1.

## 3. Kosning stjórnar

Bjarnheiður Böðvarsdóttir, Ragnheiður Kristinsdóttir, Margrét Elín Ólafsdóttir og Unnur Sigurðardóttir halda áfram. Lilja Írena H. Guðnadóttir, Signý Bergsdóttir og Júlíana Gústafsdóttir Eriksson kjörnar í stjórn.

## 4. Ávarpa skólastjóra

Gott samstarf við foreldrafélagið. Vilja efla starfið enn frekar tekist að mörgu leyti.  
Skólastjóri hittir stjórn foreldrafélagsins einu sinni í mánuði á fundi og fer yfir mál líðandi stundar.  
Óskar eftir spurningum: Spurt hvort sé í boði að fá lánaðan matsal. Það er hægt, hafa skal samband við stjórnendur.

**Tenglastarf kynnt:**

Tenglar tengiliður foreldra og skólans. Talar máli foreldra bekkjarins. Tengill kallar saman foreldra og börn einu sinni á önn. Mikilvægt að allir tenglar séu virkir og eiga ekki að vera bugaðir svo þeir vilji aldrei vera aftur. Við eigum að hjálpast öll að í foreldrahópnum að koma, aðstoða og ganga frá saman. Samtal milli foreldra svo gott foreldrasamtal. Viljum geta tekið ákvarðanir í sameiningu. Tenglar geta stuðlað að þessu. Í október stefnt á að vera með fræðslu frá Heimili og skóla fyrir tengla. Skerpa aðeins á hlutverki tengla. Farsældarsáttmáli foreldra unnin af Heimili og skóla og aðeins byrjað hér. Foreldrar sameinast og taki samtalið. Ræði áherslur og gildi árgangs og setja upp sem sáttmála. Samskipti orðin meiri á netinu og vinahópar annars staðar frá.

**Önnur mál:**

Virkja kennarana - að þeir taki vel á móti tenglum og láti foreldra bekkjana vita hverjir eru tenglar fyrir bekkinn.

Hugmynd kom upp um að byrja aftur foreldrafundi með hverjum bekk fyrir sig. Vantar vettvang fyrir foreldra að ræða málin.

Fá ósk/beiðni frá foreldrafélagi til að halda bekkjarsfundum.

Lítið upplýsingaflæði skóla til foreldra.

Foreldrafélagið fær ekki upplýsingar um tengla.

Gjaldið rætt - 500 kr. Á haus frekar en ákveðin summa á árgang. Misjafn fjöldi í árgöngum. Ákveðið að upphæðin geti farið upp í 250.000 krónur, þ.e. 500 krónur á hvern nemanda.

500 kr. á haus samið um. Tenglar þurfa að sækja um gjaldið og leggja fram kvittanir og þess líka svo peningur sé nýttur á réttan hátt.

**Fundi slitið 18:05**